

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um útsvarsgrreiðslur strandveiðileyfishafa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu háar voru útsvarsgrreiðslur strandveiðileyfishafa vegna strandveiða ár hvert árin 2016–2024, sundurliðað eftir sveitarfélögum, og hvert var miðgildi, efri fjórðungsmörk og neðri fjórðungsmörk greiðslnanna?

Við vinnslu fyrirspurnarinnar leitaði ráðuneytið til Skattsins þar sem það býr ekki yfir gögnum til sundurliðunar á útsvarsgrreiðslum eftir starfsgreinum. Í svari Skattsins kom fram að ekki er unnt að greina útsvarsgrreiðslur vegna strandveiða sérstaklega, þar sem tekjur strandveiðileyfishafa eru ekki aðgreindar frá öðrum tekjum á viðkomandi tekjuári. Strandveiðileyfishafar geta stundað strandveiði sem rekstur á eigin kennitölu eða haft reksturinn í félagi. Ef rekstur er á eigin kennitölu eru tekjur reiknaðar með almennri skattprósentu tekju-skatts og útsvars. Ef reksturinn er í félagi og viðkomandi starfar við eigin rekstur ber þeim aðila að reikna sér endurgjald fyrir þá vinnu samkvæmt viðmiðunarfjárhæðum Skattsins og greiðist tekjuskattur og útsvar af þeim launatekjum. Ef hagnaður er af rekstri er hægt að taka út arð eftir greiðslu tekjuskatts lögaðila og greiðist fjármagnstekjuskattur af arðinum. Í öllum tilvikum getur viðkomandi haft aðrar tekjur sem ekki eiga uppruna að rekja til strandveiði en eru ekki aðgreindar sérstaklega frá öðrum tekjum. Af þessum sökum og þar sem tekjur þessara aðila af veiðum, hvort sem er á eigin kennitölu eða í félagi, eru ekki auðkenndar sér-staklega sem tekjur af strandveiði í skattálagningargögnum er ekki unnt að leggja fram um-beðnar upplýsingar um útsvarsgrreiðslur vegna strandveiða.